



ÁRÍÐ Í HNÓTSKURN 2013



ÁRÍÐ Í HNOTSKURN 2013

Ritstjóri: Snorri Már Skúlason · Ábyrgðarmaður: Gyfi Arnbjörnsson
Hönnun og umbrot: Tómas Bolli Hafþórsson · Prentun: Svansprent
Ljósmyndir: Myndasafn ASÍ og fleiri.



06



10



13



14



15

Efnisyfirlit

- 04 Kjaramál
- 05 Efnahagsmál
- 06 Nýtt húsnæðislánakerfi
- 07 Nýtt félagslegt húsnæðiskerfi
- 08 Baráttan gegn svartri atvinnustarfssemi og kennitöluflakki
- 09 Liðsstyrkur
- 10 Verðlagseftirlitið
- 11 Vertu á verði!
- 12 STARF - vinnumiðlun og ráðgjöf
- 13 Námskeið um lífeyrismál
- 14 Listasafn ASÍ
- 15 Saga ASÍ



ORÐ SKULU STANDA!

Við gerð kjarasamninga í maí 2013 gat ríkisstjórnin lokið um málið vegar algætur samningi það er til satts á vinnumarkaði.

ASÍ hvetur Alþingi til að standa með íslensku launafólki.

- Hækkun vinnuveitendabætur til þjáfnar og heilbrigðisvæðingar **ekki efnt**
- Hækkun lína almenns atvinnuþróttar og þjáfnar og heilbrigðisvæðingar **ekki efnt**
- Þrjú þúsund tónnir og tveggja þúsund tónnir af almennu atvinnuþróttar og þjáfnar og heilbrigðisvæðingar **ekki efnt**
- Aukin laga um skattgjafningu og þjáfnar og heilbrigðisvæðingar til að tryggja vinnuþrótt **ekki efnt**
- Gengi loftslagsmála **ekki efnt**
- Væðing í heilbrigðisvæðingum og heilbrigðisvæðingum **ekki efnt**
- Framfarir í atvinnuþrótt og þjáfnar og heilbrigðisvæðingum **ekki efnt**
- Hækkun alþingisráðgjafningu og heilbrigðisvæðingar **ekki efnt**



Alþýðusamband Íslands



Kjaramál

Kjarasamningarnir á almennum vinnumarkaði komu til endurskoðunar í janúar 2013. Forsendunefnd ASÍ og SA komst að þeirri niðurstöðu að forsendur hefðu ekki staðist. Yfirgnæfandi meirihluti félaga innan ASÍ var hins vegar á móti því að segja samningunum upp. Náðist samkomulag sem fól í sér að samningunum var ekki sagt upp en samningstíminn stytur um tvo mánuði. Meðal annarra ákvæða í samkomulaginu var samstaða um mótun atvinnustefnu, mótun stefnu í gengis og verðlagsmálum og aukin framlög atvinnurekenda til starfsmenntasjóða.

Nokkrar deilur urðu um efndir ríkisstjórnarinnar á yfirlýsingu þeirri sem hún gaf í tengslum við kjarasamningana vorið 2011. ASÍ birti heilsíðuauglýsingu í Fréttablaðinu þar sem bent var á atriði sem ASÍ taldi ríkisstjórnina hafa lofað en ekki efnt. Auglýsingin kallaði á hörð viðbrögð og féllu stór orð í garð ASÍ og forseta þess. ASÍ birti á heimasíðu sinni ítarleg rök fyrir þeim atriðum sem nefnd voru í auglýsingunni.

Fyrirkomulag kjaraviðræðna og áhrif kjarasamninga á efnahagslegan stöðugleika hefur oft verið gagnrýnd. Sáttasemjari skipulagði kynnisferð til Norðurlandanna með þátttöku sérfræðinga frá heildarsamtökum launafólks og vinnuveitenda auk fulltrúa frá samninganefnd ríkisins og Sambandi sveitarfélaga. Niðurstöður ferðarinnar voru teknar saman í skýrslunni; Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum. Í kjölfarið undirrituðu heildarsamtök launafólks og vinnuveitenda ásamt stjórnvöldum samkomulag um stofnun samráðsnefndar um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga. Markmið nefndarinnar er að bæta þekkingu og vinnubrögð við undirbúning kjarasamninga og auka skilvirkni við gerð þeirra.

ASÍ birti heilsíðuauglýsingu í Fréttablaðinu þar sem bent var á atriði sem ASÍ taldi ríkisstjórnina hafa lofað en ekki efnt.

Október 2012

40. þing ASÍ

Starfandi einstaklingum fjölgar

ASÍ vill þungar refsingar við svartri atvinnustarfssemi





Efnahagsmál

Hagkerfið heldur áfram að sigla út úr samdráttarskeiðinu sem hófst á haustmánuðum 2008 þó hægt hafi á vaxtarhraðanum. Helst er það lítil fjárfesting sem skýrir hægna bata en án fjárfestinga er ljóst að batinn hvílir ekki á traustum grunni. Vöxtur einkaneyslu hefur vegið þungt í hagvexti síðustu tveggja ára en sú neysla hefur að hluta verið drifin áfram af úttekt séreignarsparnaðar, sérstakri vaxtaniðurgreiðslu auk annarra tímabundinna stuðningsaðgerða stjórnvalda.

Bætt staða vinnumarkaðar er helsta birtingarmynd efnahagsbatans hingað til. Atvinnuleysi hefur minnkað frá því það mældist hæst vorið 2010. Nú þremur árum síðar eru átta þúsund færri atvinnulausir og atvinnuleysi 4,4% lægra. Í samanburði við nágrannaríkin er atvinnuleysi hér lágt en ástandið þó enn fjarri því sem eðlilegt mætti teljast á Íslandi. Aukin atvinna hefur haft jákvæð áhrif á stöðu heimilanna auk þess sem kaupmáttur launa hefur vaxið lítillega. Dregið hefur úr vanskilum og skuldsetningu heimilanna er að aukast sem gæti bent til þess að þau hafi meira rými til fasteignakaupa.

Seðlabankanum hefur reynt erfitt að ná tókum á verðbólgunni en undanfarin misseri hefur hún að jafnaði verið 4,7% og verðbólguvæntingar eru háar. Árið 2013 hófst með mikilli hækkun verðlags en snörp veiking krónunnar á haustmánuðum 2012 leiddi til hækkana á innfluttum vörum, eldsneyti og matvöru. Meiri gengistöðugleiki hefur þó haft áhrif til hjöðunar verðbólgu en ekki nægilega til að mæta markmiði Seðlabankans.

Helst er það lítil fjárfesting sem skýrir hægna bata en án fjárfestinga er ljóst að batinn hvílir ekki á traustum grunni.

Nóvember 2012

ASÍ leggst gegn fríverslunarsamningi við Kólumbíu

Stýrivextir hækka í 6%

Allt að 98% verðmunur á ýsu



Nýtt húsnæðislánakerfi á Íslandi - danska leiðin

Í febrúar kynnti ASÍ hugmyndir að nýju húsnæðislánakerfi að danski fyrirmynd þar sem upplaggið er hagstæð og örugg langtímalán sem byggja á föstum nafnvöxtum og fyrrsjáanleika inn í framtíðina í stað verðtryggðra lána.

Danska húsnæðiskerfið er hannað út frá þeirri forsendu að heimilin þurfi að búa við öryggi og stöðugleika í fjármögnun íbúðarhúsnæðis.

Í danska kerfinu er húsnæðisveðlánnum miðlað í gegnum sérhæfðar stofnanir (húsnæðisveðlánastofnanir) sem mega aðeins sýsla með húsnæðisveðlán. Íbúðakaupandi fjármagnar kaupin með húsnæðisveðláni (láni með veði í þeirri eign sem hann kaupir) frá húsnæðisveðlánastofnuninni. Stofnunin fjármagnar lánveitinguna með útgáfu húsnæðisskuldabréfs sem hún selur á skuldabréfmarkaði. Húsnæðisskuldabréfið, oftast gefið út í flokki með mörgum alveg eins, er tryggt með þeim húsnæðisveðlánnum sem að baki þeim búa. Það sem fæst fyrir húsnæðisskuldabréfið, að frádregnum kostnaði og stimpilgjöldum til ríkisins, fær lántakinn í hendur. Ef skuldabréfmarkaðurinn er líflægur og eftirspurn mikil fæst gott verð fyrir húsnæðisskuldabréfið (t.d. 950 þ. fyrir hverja milljón) og lántakan verður því hagstæð. Ef markaðurinn á hinn bóginn er í lægð og eftirspurn lítil fæst ekki eins gott verð (t.d. 850 þ. fyrir hverja milljón) og lántakan verður því ekki eins hagstæð.

Danska húsnæðiskerfið er hannað út frá þeirri forsendu að heimilin þurfi að búa við öryggi og stöðugleika í fjármögnun íbúðarhúsnæðis – með tilliti til vaxta, lánstíma og afborgunarskilmála. Ákvörðun nafnvaxta verður gegnsærri en nú er. Sjálfvirk áhrif verðbólgu á höfuðstól eftirstöðva lánsins verða afnumin. Áhættunni af lántökunni er með þessum hætti deilt milli fjármagnseignenda og lántaka með sanngjarnari hætti en nú er.

Desember 2012

Orð skulu standa! – ASÍ gagnrýnir ríkisstjórnina

Formannafundur ASÍ

Verðbólgan 4,2%



Ný félagsleg húsnæðis- stefna - danska leiðin

Í flestum ríkjum Evrópu, er það hlutverk ríkis og sveitarfélaga að tryggja félagslegt íbúðarhúsnæði á viðráðanlegu verði fyrir tekjulægstu íbúana. Umfang, eðli og form þessarar aðstoðar er margbreytilegt, en algengast er að því sé sinnt með framboði af leighúsnæði.

Danir hafa staðið vörð um grundvallar markmið félagslega húsnæðiskerfisins og forðast mistök sem margar aðrar þjóðir hafa gert. Í danska kerfinu eru kaup eða bygging félagslegs húsnæðis fjármögnuð með eftirfarandi hætti:

- Framlag íbúa 2% (endurgreitt við flutning), stofnfé frá sveitarfélagi 14% (framlagið er vaxtalaust og endurgreitt þegar fjárhagslegar aðstæður húsnæðisfélagsins leyfa), almenn lán frá sérhæfðum húsnæðislánastofnunum 84%.
- Ríkið tryggir húsnæðisfélögum styrk til niðurgreiðslu vaxtakostaðar. Til að ná markmiðinu um að vextir á markaði og breytingar á þeim hafi lítil áhrif á leiguna er sett hámark á þann fjármagnskostnað húsnæðisfélaga sem tekið er tillit til við útreikning húsaleigu – nefnt íbúagreiðsla. Lengst af hefur þetta hámark verið 3,4% af stofnkostnaði viðkomandi eignar á ári.

Ef dönsku reglurnar giltu hér á landi

Meðalverð 100 fm. 3ja herbergja íbúðar á höfuðborgarsvæðinu er 24,8 mill.kr. Ef þessi íbúð yrði fjármögnuð samkvæmt reglum danska félagslega húsnæðiskerfisins verður dæmið eftirfarandi:

Stofnframlag 14% 3.472.000

Eigið framlag 2% 496.000

Húsnæðislánastofnun 84% 20.832.000

Greiðsla á mánuði:

Íbúagreiðsla 3,4% 70.267

Afborgun og vextir láns á mán. 130.216

Styrkur frá ríkinu (mismunur) á mán. 59.949

Danir hafa staðið vörð um grundvallar markmið félagslega húsnæðiskerfisins og forðast mistök sem margar aðrar þjóðir hafa gert.

Janúar 2013

ASÍ þátttakandi í Liðsstyrk

Miðstjórn - Verðbólgan versti óvinur launafólks

Kjarasamningar framlengdir



Baráttan gegn svartri atvinnustarfsemi og kennitölulflakki

Alþýðusamband Íslands hefur lengi gagnrýnt andvaraleysi og ótrúlegt langlundargeð löggjafans og stjórnvalda gagnvart svartri atvinnustarfsemi og kennitölulflakki og því samfélagsþjóni sem slík starfsemi veldur.

Frá 2011 hefur ASÍ ásamt SA og embætti ríkisskattstjóra staðið að átakinu „*Leggur þú þitt af mörkum?*“ þar sem ráðist er gegn svartri atvinnustarfsemi. Reynslan af þessu samstarfi sýnir að svört atvinnustarfsemi er útbreidd í íslensku atvinnulífi. Jafnframt liggur fyrir að samstarf framangreindra aðila er mikilvægt til að sporna gegn brotastarfsemi af þessu tagi.

Kennitölulflakki er önnur birtingarmynd brotastarfsemi í íslensku atvinnulífi. Alþýðusambandið telur að ekki verði lengur unað við það ástand sem ríkir í þessum efnum. Því hefur ASÍ lagt fram heildstæðar tillögur um lagabreytingar og aðrar aðgerðir sem eru til þess fallnar að vinna gegn kennitölulflakki. Kennitölulflakki hefur alvarleg og viðtæk áhrif fyrir samfélagið allt, atvinnulífið og launafólk og veldur miklu samfélagslegu tjóni fyrir:

- Starfsmenn sem eiga útistandandi launakröfur á hin gjaldþrota félög auk þess að tapa starfi sínu og margvíslegum réttindum.
- Fyrirtæki í hliðstæðum rekstri sem standa skil á sínu og búa við skekka samkeppnisstöðu. Birgja sem fá ekki greitt fyrir sína vöru og þjónustu og geta vegna ruðningsáhrifa sjálfir orðið gjaldþrota.
- Sameiginlega sjóði landsmanna sem verða af tekjum sem skipta tugum milljarða króna á hverju ári.

ASÍ hefur lagt fram heildstæðar tillögur um lagabreytingar og aðrar aðgerðir sem eru til þess fallnar að vinna gegn kennitölulflakki.

Febrúar 2013

ASÍ kynnr hugmyndir að nýju húsnæðislánakerfi

ASÍ kynnr nýtt félagslegt húsnæðiskerfi

Jafnlaunavottun VR

Skýrsla ASÍ um lífskjör á Norðurlöndunum

Liðsstyrkur

bættu við fólki og þú færð styrk



Liðsstyrkur

Alþýðusambandið hefur allt frá hruni lagt ríka áherslu á öflugar vinnumarkaðsaðgerðir með það að markmiði að skapa skilyrði fyrir atvinnuleitendur til að efla sig á vinnumarkaði og fá störf við hæfi.

Í tengslum við gerð fjárlaga fyrir árið 2013 var gert samkomulag á milli stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélaganna um sérstakt átak til að virkja atvinnuleitendur; sem fullnýta rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á tímabilinu frá 1. september 2012 fram til 31. desember 2013, til þátttöku að nýju á vinnumarkaði. Verkefnið felst í því að framangreindum atvinnuleitendum er boðin vinna eða starfsendurhæfing á árinu 2013 enda skrái þeir sig til þátttöku í áttakinu.

Atvinnuleysistryggingasjóður niðurgreiðir stofnkostnað atvinnurekenda við ný störf tímabundið og nemur styrkur með hverri ráðningu grunnatvinnuleysibótum ásamt 8% framlagi í lífeyrissjóð í upphafi en fer síðan lækkandi. Atvinnurekandi gerir hefðbundinn ráðningarsamning við atvinnuleitanda og greiðir honum laun samkvæmt kjarasamningi. Þeim atvinnuleitendum sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda er vísað til VIRK, starfsendurhæfingarsjóðs og boðin starfsendurhæfing. Sérstakur biðstyrkur er í boði fyrir þá atvinnuleitendur sem hafa verið skemur en 42 mánuði á bótum þegar þeir missa bótarétt sinn.

Það er skemmst frá því að segja að verkefnið hefur gengið samkvæmt vonum. Tæplega 1.000 atvinnuleitendur hafa þegar fengið ráðningu innan verkefnisins og nokkur fjöldi hefur einnig farið í starfsendurhæfingu.

Tæplega 1.000 atvinnuleitendur hafa þegar fengið ráðningu innan verkefnisins.

Mars 2013

Fundarferð ASÍ um landið

Kona í fyrsta sinn formaður VR

Vertu á verði!

Saga ASÍ kemur út



Verðlagseftirlit ASÍ

Verðlagseftirlit ASÍ hefur það hlutverk að veita neytendum upplýsingar um verðlag og verðþróun á helstu neytendamörkuðum. Með því er skapað aðhald og samkeppni verslana aukin. Sem fyrr hefur verðlagseftirlitið lagt mesta áherslu á að fylgjast með verðlagi og verðþróun á matvörumarkaði enda hefur sá liður mikil áhrif á útgjöld heimilanna.

Um nokkurt skeið höfðu Hagkaup, Nóatún, Víðir og Kostur Dalvegi neitað verðlagseftirlitinu að taka niður verð í verslunum sínum. Brá verðlagseftirlitið á það ráð að senda – auk hefðbundins verðtökufólks – fólk úr forystusveit verkalyðshreyfingarinnar ásamt lögfræðingum í verslanimar til að láta á það reyna hvort verslun gæti hindrað fulltrúa verðlagseftirlitsins í að taka niður verð í verslun sem opin er almenningi. Kostur var eina verslunin sem reyndi að hindra fulltrúa verðlagseftirlitsins í að framkvæma verðkönnun og gott betur því eigandi verslunarinnar sigaði lögreglu á fulltrúa ASÍ. Lögreglan sá hins vegar ekki ástæðu til aðgerða. Tekin var sú ákvörðun í kjölfarið að hætta að fara í Kost, Hagkaup, Nóatún og Víðir hafa ekki gert athugasemdir við að gerðar séu verðkönnanir hjá þeim eftir þetta átak.

Kostur var eina verslunin sem reyndi að hindra fulltrúa verðlagseftirlitsins í að framkvæma verðkönnun.

Frá 31. ágúst 2012 til 1. september 2013 gerði verðlagseftirlitið eftirfarandi kannanir:

- 15 kannanir á matvöruverði
- 2 kannanir á umfelgun
- 1 könnun á verðlagningu apóteka
- 1 könnun á fiskmeti
- 1 könnun á jólabókum
- 1 könnun á nýjum og notuðum skólabókum

Þar fyrir utan hefur verðlagseftirlitið tekið saman breytingar á gjaldskrárm hjá 15 stærstu sveitarfélögum landsins.

Apríl 2013

Lögreglu sigað á verðlagseftirlit ASÍ

Stjórn mála fundur ASÍ vegna alþingiskosninga

ASÍ gagnrýnir fríverslunarsamning við Kína



Vertu á verði! - Átak gegn verðhækkunum

Á árinu 2013 hafa aðildarfélag ASÍ starfrækt hvatningarátakið - **Vertu á verði!** - þar sem almenningur og fyrirtæki eru hvött til að taka höndum saman og njúfa víðahring verðbólgunnar. Átakið er liður í eftirfylgni með samkomulagi sem ASÍ og SA undirrituðu við framlengingu kjarasamninga í janúar þar sem aðilar voru sammála um að beita sér fyrir aðgerðum til lækkunar verðlags, m.a. með auknu aðhaldi að verðhækkunum.

Í tengslum við átakið lét Alþýðusambandið útbúa sérstaka heimasíðu, www.verduaverdi.is, sem er lifandi vettvangur þar sem almenningur getur á einfaldan hátt komið á framfæri ábendingum um verðhækkunar: Neytendur hafa tekið áskoruninni vel og verið duglegir að senda inn upplýsingar um verðhækkunar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Ábendingarnar hafa verið fjölbreyttar og snúa að flestu því sem viðkemur heimilishaldinu. Með virkri þátttöku sinni hafa neytendur skapað umræðu og skerpt á aðhaldi í verðlagsmálum.

Neytendur hafa tekið áskoruninni vel og verið duglegir að senda inn upplýsingar um verðhækkunar.

Maí 2013

Nýr formaður Samiðnar

Vel sótt hátíðarhöld á 1. maí

Skýrsla um bætt vinnubrögð við kjarasamningagerð



STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf

STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf er ávöxtur samkomulags milli velferðarráðuneytisins, ASÍ og SA vorið 2012. Hlutverk STARFs er að þjónusta atvinnuleitendur sem tilheyra tilteknum stéttarfélögum innan ASÍ en hér er um þriggja ára tilraunaverkefni að ræða. Hugmyndin byggir á því að það henti atvinnuleitendum betur að sækja þjónustu til síns stéttarfélags, frekar en opinberrar stofnunar sem á þess ekki kost að horfa sérstaklega til fagstéttar viðkomandi atvinnuleitanda. Þetta leiðir til persónulegri og markvissari þjónustu í formi ráðgjafar, vinnumiðlunar og tilvísana í margvísleg vinnumarkaðsúræði.

Þjónustukannanir sýna að atvinnuleitendur eru ánægðir með þjónustuna og taka því vel að stéttarfélag þeirra er að sinna þeim.

Þjónustan hófst 1. ágúst 2012 og var þá rúmlega fjórðungur atvinnuleitenda á atvinnuleysissskrá Vinnumálastofnunar aðili að verkefninu. Þjónusta STARFs fer fram í fjórum þjónustumiðstöðvum. Hjá VR, iðnfélögum í Borgartúni, VSFK á Suðurnesjum (fimm stéttarfélög) og hjá Afli á Egilsstöðum. Á vegum STARFs voru á árinu starfandi 13 atvinnuráðgjafar auk framkvæmdastjóra og sérfræðings í miðlægri þjónustu STARFs í Guðrúnartúni 1.

Tilraunaverkefnið fór vel af stað og fyrsta árið gekk vonum framfar. Þjónustukannanir sem unnar voru á tímabilinu sýna að atvinnuleitendur eru ánægðir með þjónustuna og taka því vel að stéttarfélag þeirra er að sinna þeim. Sérlega ögrandi var að takast á við Liðsstyrksverkefnið á fyrstu mánuðum STARFs, en atvinnuráðgjafar STARFs stóðust álagið með þryði og náðu sambærilegum árangri og Vinnumálastofnun með sína áratuga starfsreynslu.

Nánar um verkefnið á www.starfid.is

Júní 2013

ASÍ netsjónvarp

Formannafundur ASÍ um samningamál

Ísland fyrirmynd í starfsendurhæfingu



Námskeið um lífeyrismál

Félagsmálaskólinn hefur um tveggja ára skeið haldið námskeið, sem komið var á fót í samvinnu við LL og SA, til að undirbúa stjórnarmenn lífeyrissjóða undir hæfismat FME. FME hefur frá árinu 2011 metið hæfi stjórnarmanna samkvæmt nýju verklagi sem byggir m.a. á því að stjórnarmenn eru boðaðir til viðtals við ráðgjafanefnd sem metur hæfi viðkomandi. Hæfismatið byggir á lagaheimild frá 2008 um að stjórnarmenn lífeyrissjóðanna skuli búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Námskeiðið miðar að því að gefa stjórnarmönnum gott yfirlit yfir helstu verkefni og hlutverk stjórnarmanna í lífeyrissjóðum en sérstök áhersla er lögð á þá þætti sem FME leggur til grundvallar í hæfismatinu.

Í tengslum við undirbúningsnámskeið stjórnarmanna komu fram óskir um námskeið fyrir fleiri hópa um lífeyriskerfið og starfsemi lífeyrissjóðanna. Til að mæta þessu, skipulagði Lífeyrisnefnd ASÍ í samstarfi við Félagsmálaskólann nýtt yfirlitsnámskeið um lífeyriskerfið vorið 2013. Á námskeiðinu er lögð áhersla á fræðslu um lífeyriskerfið, m.a. fyrir fulltrúaráð og aðra talsmenn sem starfa innan hreyfingarinnar. Farið er yfir helstu þætti er snerta hlutverk og starfsumhverfi lífeyrissjóða, fjallað um réttindakerfið, lagaumhverfi sjóðanna, eignir og fjárfestingarheimildir auk þess sem rætt er um hlutverk stjórnarmanna og hæfi þeirra.

Á námskeiðinu er lögð áhersla á fræðslu um lífeyriskerfið, m.a. fyrir fulltrúaráð og aðra talsmenn sem starfa innan hreyfingarinnar.

Júlí 2013

Verðbólgan 3,8%

Endurskoðuð hagspá 2013-2015

Atvinnuleysi 3,9%

ÁRIÐ Í
HNOTSKURN



13



Listasafn ASÍ

Lönrekandinn og bókaútgefandinn Ragnar í Smára lagði grundvöllinn að listasafninu með því að gefa ASÍ málverkasafn sitt, um 120 myndir, flestar eftir þekktustu myndlistarmenn þjóðarinnar. Ósk Ragnars var sú að stofnað yrði listasafn sem kæmi listinni á framfæri við vinnandi fólk í landinu. Listasafn ASÍ hefur alla tíð starfað með þetta að leiðarljósi og hefur m.a. sérhæft sig í myndlistarsýningum sem settar eru upp á vinnustöðum og í stofnunum víða um land.

Listaverkæign safnsins hefur vaxið jafnt og þétt. Safninu hafa í gegnum tíðina borist margar góðar gjafir. Fjöldi listamanna hefur auk þess gefið safninu verk. Einnig hefur verið leitast við að auka safnkostinn með innkaupum á íslenskrum samtímalist. Er nú svo komið að skráð verk í eigu safnsins eru um 2600 að tölu.

Á tímabilinu október 2012 til september 2013 voru haldnar ellefu sýningar í húsakynnum safnsins. Listráð safnsins mótar sýningarstefnu þess og velur listamenn úr fjölmennum hópi umsækjenda. Listamenn sýna í safninu án endurgjalds en standa sjálfir allan straum af gerð sýninganna. Starfsmenn safnsins sjá um sýningargæslu og aðstoða eftir föngum við uppsetningu sýninga.

Listasafn ASÍ er til húsa í Ásmundarsal við Freyjugötu 41 í Reykjavík. Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13-17 og er aðgangur ókeypis.

Á tímabilinu
október 2012
til september
2013 voru
haldnar ellefu
sýningar
í húsakynnum
safnsins.

Ágúst 2013

Stækkun Guðrúnartúns I

Tíðar hækkanir á síma-og
internetþjónustu

Matvörur hækka mikið á milli ára



Saga ASÍ

Saga Alþýðusambands Íslands kom út á 97 ára afmæli ASÍ 12. mars 2013. Í tilefni útgáfunnar hélt ASÍ hof í lönó þar sem boðið var forystufólki úr verkalýðshreyfingunni, ýmsum samstarfsaðilum ASÍ, ráðherrum, alþingismönnum, ritnefnd o.fl. auk forseta Íslands. Verkið, sem er í tveimur bindum og afar veglegt, var nokkur ár í smíðum en höfundur þess er Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur.

Ritun sögu ASÍ átti sér langan aðdraganda og mikil og vönduð undirbúningsvinna skilaði sér í metnaðarfullu og glæsilegu riti um íslenskt samfélag og sögu, frá fyrstu tilraunum til stofnunar alþýðusamtaka gegnum hörð stéttaátök kreppuáranna, samfélagsbreytingar á eftirstríðsárum, alþýðutryggingar, húsnæðismál, jafnréttismál, lífeyrisréttindi, menntamál, alþjóðamál og ótalmargt annað sem íslensk alþýðusamtök komu að og allt til nútímans. Fyrri bindið ber undirtitilinn „Í samtök“ og nær yfir tímabilið 1916–1960 og hið síðara kallast „Til velferðar“ og nær frá 1960–2010.

Í bókunum er að finna mörg hundruð myndir sem tengjast íslenskri verkalýðsbaráttu og alþýðusamtökum. Var víða leitað fanga við öflun mynda enda er þar margt afar forvitnilegt að sjá.

Bækurnar eru samtals nær 800 blaðsíður í stóru broti. Það er samdóma álit þeirra sem hafa tjáð sig um verkið að það sé afar vandað að allri gerð og Alþýðusambandinu og þeim sem að því komu til mikils sóma.

Ritun sögu ASÍ átti sér langan aðdraganda og mikil og vönduð undirbúningsvinna skilaði sér í metnaðarfullu og glæsilegu riti um íslenskt samfélag og sögu.

September 2013

Greiðslupátttaka
sjúklinga komin yfir þölmörk

Sigrún Eldjárn
sýnir í Listasafni ASÍ

Úttekt á stöðu
aðildarviðræðna við ESB



Alþýðusamband Íslands

Guðrúnartúni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is